

Nd.

787. Nefndarálit

um frv. til l. um embættaveitingar og ráðning opinberra starfsmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og telur, að þörf sé á lagaákvæðum um veiting embætta og ráðning opinberra starfsmanna, og enn fremur að í lög verði tekið ákvæði um réttindi og skyldur embættismanna. En nefndin telur, að hæpið sé, þó að þetta frv. verði að lögum, að sá tilgangur náist, sem hv. flm. hefur með frv. um embættaveitingar. Það má t. d. á það benda, að nokkuð kann það að vera hæpin leið, að undirmenn eigi að gera tillögu um, hver skuli verða yfirmaður starfsins, o. fl. o. fl.

Hins vegar telur nefndin, að vinna beri að því, svo fljótt sem tök eru á, að undirbúa löggjöf um veiting embætta og ráðning starfsmanna þess opinbera, réttindi þessara manna og skyldur þeirra við starfa sinn.

Nefndin leggur því til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, í trausti þess að hún láti undirbúa málið rækilega, svo fljótt sem hún hefur tök á. — Hermann Guðmundsson var fjarstaddur vegna veikinda, þegar ákvörðun var tekin um málið.

Alþingi, 6. maí 1947.

Garðar Þorsteinsson,
form.

Finnur Jónsson,
fundaskr.

Jörundur Brynjólfsson,
frsm.

Jóhann Hafstein.